



4. apríl 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 279. mál á 152. löggjafarþingi**

*Vísitala neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis)*

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að framvegis verði ekki tekið tillit til húsnæðiskostnaðar við útreikning vísitölu neysluverðs. Meðal röksemda sem eru nefndar fyrir því er að þá myndi árshækkun vísitölu eða verðbólga mælast lægri en ella og áhrif hennar því ekki leggjast eins þungt á heimili með verðtryggðar skuldbindingar, svo sem vegna húsnæðislána eða húsaleigu.

Slíkar tillögur hafa helst verið gagnrýndar með því að það sé ekki mælikvarðinn sem sé vandamálið heldur sjálf verðbólgan og það hafi engin raunveruleg áhrif að breyta mælikvarðanum auk þess sem það geti spilt fyrir greiningum á verðbólguþróun. Ef þessi sjónarmið eru skoðuð nánar kemur þó í ljós að ekki er fótur fyrir þeim. Hagstofan birtir nefnilega vísitölu neysluverðs bæði með og án húsnæðis svo langt aftur sem mælingar ná og greiningaraðilar gætu því eftir sem áður stuðst við hvora þeirra sem þeir vilja frekar nota. Jafnframt myndi breytingin hafa þau raunverulegu áhrif að árshækkun verðtryggðra skuldbindinga myndi strax lækka úr 6,7% í 4,6%.

Einnig hefur verið sagt rangt það sem vísað hefur verið til að í Evrópusambandinu sé húsnæðisverð ekki inni í verðbólguþéttum. Hið rétta er að í svokallaðri samræmdri vísitölu neysluverðs sem er notuð af Hagstofu ESB er kostnaður við húsaleigu innifalinn, en ekki kaupverð húsnæðis. Þar eins og hér á landi hefur húsaleiga ekki hækkað nærri eins mikið að undanfögnu og húsnæðisverð.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi ofangreindu frumvarpi sem tímabundinni aðgerð til að draga úr áhrifum óvenju hárrar og ört hækkandi verðbólgu á heimilin. Jafnframt hvetja samtökin til þess að samhliða verði ráðist í fullt afnám verðtryggingar á fjárhagslegum skuldbindingum neytenda. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafa neytendur nú þegar afnumið verðtryggingu sjálfir af rúmlega helmingi húsnæðislána sinna, þ.e.a.s. þeir sem hafa til þess fjárhagslega burði. **Löggjafinn verður að taka afgerandi skref í sömu átt með því að stöðva alfarið notkun verðtryggingar í nýjum lána- og leigusamningum, ásamt því að tryggja rétt neytenda með eldri verðtryggða samninga til að fá þeim breytt í samsvarandi óverðtryggða samninga án íþyngjandi kostnaðar eða skilyrða.**

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

*Guðmundur Ásgeirsson*

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is